



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Hörðuvelli Flesjakór 13 Breytt deiliskipulag

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

Kópavogi 3. des 2021/ ss
Samþykkt / hafnað í skipulagsráði 6. des 2021
Samþykkt / hafnað í bæjarráði x.x.x
málsnr. 2111223

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



1) Forsendur

Aðalskipulag Kópavogs 2012 til 2024 staðfest 24. febrúar 2014 gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddu deiliskipulagssvæði. Í gildi er deiliskipulag, Hörðuvellir – deiliskipulag, samþ. í bæjarstjórn 22. apríl 2003 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 23. október 2003.

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs þann 15. nóvember 2021 var lagt fram erindi lóðarhafa Flesjakórs 13 dags. 8. nóvember 2021 þar sem óskað er eftir að taka niður kantsetin og koma fyrir bílastæði á lóð. Samkvæmt mæliblaði dags. 24. júlí 2003 og gildandi deiliskipulagi Hörðuvalla er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð. (sjá fylgiskjal 1.) Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða liggur fyrir.

Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum þann 15. nóvember 2021 að fresta framlögðu erindi lóðarhafa Flesjakórs 13 og vísað því til umsagnar skipulagsdeildar.

Á fundi skipulagsráðs 6. desember var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn Skipulagsdeildar dags. 3. desember 2021.

3) Umsögn skipulagsdeildar.

Fyrir liggur umsögn Birkis Rútssonar, deildarstjóra gatnadeildar, (sjá fylgiskjal 2 og 3) en niðurstaða umsagnarinnar er að umrædd breyting muni ekki hafa afgerandi áhrif á umferðaröryggi í götuunni miðað við núverandi fyrirkomulag götunnar og bílastæða á framlóðum. Gerður er fyrirvari um að kröfu um aðgengi að brunahana verði ekki skert við fjölgun bílastæða.

Þar sem ekki er hægt að koma fyrir bílastæði fyrir framan brunahanann vegna gerir skipulagsdeild ekki athugasemd við að lóðarhafi láti fjarlægja kantstein á sinn kostnað að gulu verndarlínu brunahanans og koma fyrir bílastæði inn á lóðinni.

3) Niðurstaða umsagnar skipulagsdeildar 3. desember 2021:


Skipulagsdeild gerir ekki athugasemd við að lóðarhafi láti fjarlægja kantsein á sinn kostnað að gulu verndarlínu brunahanans og koma fyrir bílastæði inn á lóðinni.

3) Niðurstaða skipulagsráðs 3. desember 2021:

Skipulagsráð samþykkir erindið dags. 8. nóvember 2021



Fylgiskjal 1





Fylgiskjal 2

Til skipulagsráðs

Kópavogi, 15. nóvember 2021
2111223/510.00 BR

Efni: Umsögn gatnadeildar varðandi fjölgun á bílastæðum við Flesjakór 13

Lóðarhafi óskar eftir heimild til að bæta við bílastæði vestast á lóðinni við Flesjakór 13. Flesjakór 13 og Flesjakór 15 er raðhús þar sem samkvæmt lóðablaði er heimild til tveggja bílastæða framan við húsið. Af götummynd er svo að sjá að í dag eru þrjú bílastæði framan við bæði húsin og grasblettur sitthvoru megin við lóðarmörk húsanna.

Við Flesjakór 5-7, Flesjakór 9-11, Flesjakór 2-4, Flesjakór 6-8, Flesjakór 12, Flesjakór 14-16, Flesjakór 18-20 og Flesjakór 24 hefur verið bætt við bílastæðum sem eru í fullri breidd á milli lóðarmarka.

Þar sem óskað er eftir heimild til að bæta við bílastæði er staðsettur brunahani slökkviliðs á lóðarmörkum, ekki er hægt né mælt með því að brunahaninn sé færður. Gera verður kröfu um að aðgengi að brunahana verði ekki skert við fjölgun bílastæða á lóðinni.

Breyting á nýtingu lóðarinnar hefur engin áhrif á aðrar veitulagnir.

Í dag eru nánast allar framlóðir við götuna með bílastæði og niðurtekinn kant á milli lóðarmarka. Erfitt er rökstyðja að þessi breyting muni hafa áhrif afgerandi áhrif á umferðaröryggi í götunni miðað við núverandi fyrirkomulag götunnar og bílastæða á framlóðum.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Fylgiskjal 3



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026